

Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME), kt. 610676-0579 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig ME uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

ME er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi ME þjóna því.

Meginhlutverk Menntaskólans á Egilsstöðum er kennsla á framhaldsskóla-, starfs-, og bóknámsbrautum til stúdentsprófs eftir áfanga- og fjölbrautakerfi.

Helstu einkenni ME:

ME starfar eftir áfangakerfi með áherslu á bóklegt nám og listgreinar. Flestir bóklegir áfangar dagskóla eru einnig í boði í fjarnámi. Heimavist og mótuneyti er rekið við skólann og aðstaða til íþróttaiðkunar er góð. Heimavist er fyrir allt að 117 nemendur og nemendafjöldi í dagskóla getur verið á bilinu 280-330 miðað við aðstöðu og húsnæði. Fjöldi starfsmanna er á bilinu 40-50. Samstarf hefur verið til Verkmenntaskóla Austurlands og Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu auk Framhaldsskólans á Húsavík, Menntaskólans á Tröllaskaga og Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Samstarf er einnig við Austurbrú (áður Þekkingarnet Austurlands) um fullorðinsfræðslu en skólinn er einn stofnaðila Austurbrúar.

Skipulag:

Yfirstjórn Menntaskólans á Egilsstöðum er í höndum skólameistara, staðgengils skólameistara og áfangastjóra. Að öðru leiti ákvarðast stjórn skólans samkvæmt skipuriti í skólanámskrá.

M
10/13 1

Menntastefna og framtíðarsýn (samkvæmt skólanámskrá)

"Menntaskólinn á Egilsstöðum mun vinna markvisst að því að styrkja stöðu sína sem leiðandi framhaldsskóli á Austurlandi. Áhersla verður lögð á fjölbreytt og spennandi námsframboð sem kemur til móts við mismunandi þarfir einstaklinga og í því sambandi verði hugað sérstaklega að námi í verkgreinum. ME leggur áherslu á að styrkja nemendur sem einstaklinga þannig að þeir geti tekist á við fjölbreytt verkefni í námi og starfi. ME efli tengsl sín við fyrirtæki og stofnanir í fjórðungnum og á landsvísu. ME verði vel kynntur á landsvísu fyrir frumkvæði á sviði framsækings skólastarfs og persónulegrar þjónustu.

Námsframboð skal ávallt vera metnaðarfullt og fjölbreytt þannig að það höfði til sem flestra. Áhersla er lögð á öguð vinnubrögð nemenda og undirbúning fyrir háskólanám og margvísleg störf.

Boðið verði upp á fjarnám í sem flestum áföngum og það auglýst á landsvísu.

Ávallt sé boðið upp á nám í kvöldskóla /samhliða vinnu, til eflingar atvinnulífi á svæðinu."

3. Viðfangsefni

ME stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, er að finna á heimasíðu skólans: Skólanámskrá (<http://www.me.is/index.php/namid/skolanamskra>)

Brautalýsingar í gildi frá 2011 eru birtar á heimasíðu skólans: Námsbrautir (<http://me.is/index.php/namid/namsbrautir-mainmenu>)

Áfangalýsingar námskrár 2011 eru birtar á heimasíðu skólans: Áfangalýsingar (<http://me.is/index.php/namid/afangalysingar-i-nyrri-namskra>)

Á heimsíðu skólans er einnig að finna eldri brauta- og áfangalýsingar sem falla munu úr gildi á samningstímanum: Námsbrautir eldri námskráa (<http://me.is/index.php/namid/gamla-namskra-til-2011/namsbrautir>), Áfangalýsingar 1996-2011

(<http://me.is/index.php/namid/gamla-namskra-til-2011/afangalysingar>)

b. Skólabragur

Stefna ME:	http://me.is/index.php/me/stefna-skolans
Skólareglur:	http://me.is/index.php/me/skolareglur
Heilsustefna:	http://me.is/index.php/heilsuskoli/heilsustefna-me
Áætlun gegn einelti:	http://me.is/index.php/nemendatjonusta/einelti
Forvarnastefna:	http://me.is/index.php/me/skolareglur/vimuvarnir
Foreldrafélag:	http://me.is/foreldrafelag/
Skólanefnd:	http://me.is/index.php/me/stjornskipan
Nemendabjónusta ME:	http://me.is/images/nemthreglur.pdf

Athuga þer að þeir tenglar sem ekki eru dagsettir miðast við mars 2013, tenglarnir munu taka breytingum vegna vinnu við skólanámskrá.

MJ
HóB 2

c. Innritun og brotthvarf**Inntökuskilyrði:**

Inntökuskilyrði á stúdentsbrautir skólans eru eftirfarandi einkunnir á grunnskólaprófi:

	ÍSL	ENS	STÆ	DAN
Félagsgreinabraut	6	6	5	
Alþjóðabraut	6	6	5	
Náttúrufræðibraut	6	5	6	
Listnámsbraut	6	6	5	
Umhverfis- og auðlindabraut	6	6	6	6

Brottfall:

Meðfylgjandi er tafla sem lýsir brottfalli miðað við fjölda skráðra og prófaðra nemenda skólaárin 2010-2011 og 2011-2012.

Brottfall sem mismunur skráðra og prófaðra nemenda í ME eftir önnun frá hausti 2010 til vors 2012.

Annir	Allir nemendur			Dagskóli		Fjarnám		P-áfangar	
	Skráðir alls	Prófaðir alls	Heildar brottfall	Brottfall dagsk.	Skráðir dagsk.	Brottfall fjarnám	Skráðir fjarnám	Brottfall P-nám	Skráðir P
Haust 2010	2147	1867	280	134	1784	137	283	9	88
15. sep.				13%	8%		48%		11%
Vor 2011	2104	1851	253	168	1739	88	283	2	82
1. feb.				12%	16%		29%		2%
Haust 2011	2084	1922	162	47	1330	114	714	1	40
15. sep.				8%	4%		16%		3%
Vor 2012	1947	1672	175	62	1132	113	683	2	12
1. feb.				9%	5%		16%		17%

d. Kennslufyrirkomulag

Skipulag náms: <http://me.is/index.php/namid/ny-namskra/skipulag-nams>

e. Nemendur með sérþarfir

Nemendapjónusta ME skipuleggur þjónustu við nemendur með sérstakar þarfir.

Starfsbraut ME er námsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Markmið brautarinnar er að bjóða fram nám og kennslu sem tekur mið af þörfum nemandans og möguleikum hvers skóla til þess að koma til móts við þær þarfir. Leitast er við að efla tengsl við aðrar brautir skólans og veita nemendum tækifæri til að verða hluti af samfélagi skólans þótt námið fari að mestu leyti fram í sérdeild. Seinni hluti náms á starfsbrautum miðar að því að undirbúa nemendur undir líf fullorðinna með því að veita þeim verklega þjálfun á almennum eða vernduðum vinnustöðum og þátttöku í tómsundastarfi sem í boði er og hentar áhugasviði hvers og eins. Miðað er að því að auka færni nemandans til sjálfstæðrar búsetu, atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði ef við verður komið og að njóta þeirra lífsgæða sem felast í virkri þátttöku í félagslífi og tómsundastarfi á eigin forsendum.

M
HÖB 3

Móttökuáætlun Menntaskólans á Egilsstöðum fyrir nemendur af erlendum uppruna:*Innritun nemenda:*

Nemendur sem áður hafa verið í íslenskum grunnskólum eru innritaðir rafrænt í skólann í gegnum heimasíðu Menntagáttar. Aðrir nemendur skrá sig á skrifstofu skólans eða á heimasíðu hans.

Kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku:

Í ME er boðið upp á kennslu í ÍSA-áföngum sem er íslenska sem annað mál fyrir nemendur af erlendum uppruna eða/og þá nemendur sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Íslenska sem annað tungumál felur í sér þjálfun í íslensku tal- og ritmáli og að gera nemendur færa til frekara náms. Lögð er áhersla á fjölbreyttar námsaðferðir.

Samstarf við grunnskóla:

Unnið er í nánú samstarfi við þann grunnskóla hér á landi sem nemandinn stundaði nám í. Óskað verður eftir upplýsingum um nemendur eftir því sem við á og nýtist við nám þeirra í ME.

Fyrirkomulag móttökuviðtals/upplýsingagjöf til foreldra:

Námsráðgjafi skipuleggur móttökuviðtal við hvern nemanda og foreldra hans. Túlkur verður viðstaddur ef þess er þörf og sér skólinn þá um að útvega hann.

Í viðtalinu er upplýsinga um bakgrunn nemanda og aðstæður fjölskyldunnar aflað og látanar í té upplýsingar frá skólanum um starfshætti skólans, þjónustu, heimavist og heimavistar- og skólareglur. Í viðtalinu fá nemandi og foreldrar einnig upplýsingar um þá starfsemi sem skólinn býður upp á utan lögbundinnar kennslu eins og til dæmis það félags- og tómstundastarf sem nemendafélag skólans stendur fyrir.

Foreldrar nemenda sem eru yngri en 18 ára hafa aðgang að Innu og í móttökuviðtali er foreldrum kynnt hvernig það kerfi og virkar.

Gerð einstaklingsnámskrár:

Einstaklingsnámskrá nemanda tekur mið af bakgrunni og málsvæði nemanda, tungumálafærni, kunnáttu og hæfni á öðrum námssviðum.

Nemendabjónusta ME:

Nemendabjónustan sér um að veita samræmda þjónustu þar sem unnið er á heildrænan hátt í málefnum allra nemenda skólans.

Nemendabjónustan hefur umsjón með Mentor kerfi þar sem unnið er gegn félagslegri einangrun nemenda. Nemendur með annað tungumál en íslensku sem móðurmál geta á sama hátt og aðrir nemendur skólans verið með í Mentor þar sem félagsleg tengsl eru styrkt og aðstoðað við aðlögun milli erlendra nemenda og íslenskra til að rjúfa félagslega einangrun, sé hún til staðar. Nemendabjónustan skipuleggur samráð milli starfsfólks og sérfræðinga innan skólans um málefni nemenda.

Móðurmál nemenda:

Heimilt er að meta móðurmál nemenda til eininga í frjálsum vali eða til eininga í stað annars erlends tungumáls. Slíkt nám sem stundað er við annan framhaldsskóla er metið.

Námsver:

Skólinn leitast við að bjóða upp á námsver þegar þörf er á, en námsver eru fyrir nemendur sem þurfa að sérstakri námsaðstoð að halda, t.d. vegna námsörðugleika, fötlunar eða erlends uppruna. Kennarar í námsverum aðstoða nemendur með þau verkefni sem fyrir liggja í náminu.

Wó/3 4

f. Mat og eftirlit með gæðum

Um sjálfsmat í ME:

<http://me.is/index.php/me/innra-mat>

Sjálfsmatsskýrslur:

<http://me.is/index.php/me/innra-mat>

Niðurstöður ytra mats 2010:

Úttekt á starfsemi ME**4. Sérstök rekstrarverkefni**

Við ME er rekin heimavist og mötuneyti. Óformlegt matarfélag nemenda og starfsfólks rekur mötuneytið að nafninu til en skólameistari er ábyrgur fyrir rekstri þess.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið ME eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni ME styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur ME. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Menntaskólinn á Egilsstöðum

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd

fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.

- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 15/4 2013
Staður og dagsetning

Katrín Jakobsdóttir
Mennta- og menningarmálaráðherra

Helgi Ólafur Þóragarsson
Skólameistari